

Skelfilegt skorkvikindi

BÆKUR

Umskiptin eftir Franz Kafka. Íslensk þýðing: Ástráður Eysteinnsson og Eysteinn Þorvaldsson. 158 bls. Háskólaútgáfan 2006.

Umskiptin (*Die Verwandlung*), nógvella eftir Franz Kafka (1883-1924), telst til víðfrægustu bókmenntaverka heimsbyggðarinnar. Sagan af sölumanninum samviskusama, Gregor Samsa, sem vaknaði „morgun einn af órólegum draumum“ og „hafði breyst í skelfilegt skorkvikindi í rúmi sínu“ (31) hefur orðið bæði fræðimönnum, skáldum og almennum lesendum innblástur og óþrjótandi brunnur þælinga um formgerð, tákni og túlkun á hlutskipti mannsins í tilverunni. Nýlega setti leikhópurinn Vesturport verkið upp í Lundúnum undir heitinu „Metamorphosis“ við frábærar undirtektir. Á leikritinu var yfirbragð hefðbundins, borgaralegs stofudrama og sums staðar frjálslega farið með söguna og túlkun hennar - sem sýnir vel hversu sígild, opin og frjó hún er. Líkt og í sögunni var opnunarsenan í uppfærslunni sérlega áhrifamikil: Gregor samanhniptur í rúmi sínu, lýsingin bjó til skuggamynd sem minnti á skordýr og áhorfendur tóku andköf af spennu og hryllingi.

Umskiptin er magnað skáldverk um einsemd, firringu, sjálfsvitund og vald. Og eins og í mörgum öðrum sögum Kafka er yrkisefnið líka sekt, að bera sök án þess að vita hvers vegna. Gregor Samsa var áður fyrirvinna og fastaland fjölskyldunnar en þegar hann er úr leik þurfa allir meðlimir fjölskyldunnar að endurskoða stöðu sína (taka umskiptum). En hvað gerðist? Af hverju urðu umskiptin? Er Gregor þræll vana og skyldu? Hefur mennska hans tapast í ómanneskjulegu þjóðskipulagi? Er hann geðveikur? Hvort er verra, að vera mannlegt dýr eða dýrlegur maður? Sjaldan hefur tvítog fantasíu og raunsæislegar frásagnar verið útfært á áhrifaríkari hátt en í Umskiptunum og þessi íroníski frásagnarháttur opnar fyrir óteljandi spurningar og túlkunarleiðir. Lýsingarnar á líkamlegu ástandi Gregors, fótatítunum sem kíkna undir honum, erfiðleikunum við að skríða áfram eða snúa höfðinu eru svo raunverulegar og fjarstæðukenndar í senn að lesandinn veit ekki sitt rjúkandi ráð. Verk Kafka eru eins og margræður vefur eða spegill og sjálfur sagði hann að bókmenntir ættu að vera eins og ísöxi rekin á kaf í hausinn á lesandanum, aðeins þannig gætu þær opnað okkur nýja sýn á heiminn sem við lifum í. Það skuggalega er að ísaxir Kafka gefa okkur ekki aðeins nýja sýn heldur líka flóknari sýn á heiminn, en enga einfalda niðurstöðu.

Erlendis er algengt að þýðingar á helstu bókmenntaverkum séu endurskoðaðar reglulega en hér á landi hefur það ekki verið vaninn. Það er helst Biblían sem hefur verið þýdd oftast en einu sinni. Þýðingar eru hins vegar þess eðlis að þær þurfa að ganga í endurnýjun lífdaga og þess sér nú merki á Íslandi. Á dögunum kom út ný þýðing Wuthering Heights eftir E. Brontë og nú Hamskiptin en Hannes Pétursson þýddi söguna með þessu nafni um 1960 (endurskoðuð útgáfa 1983 er með öllu ófáanleg). Það væri fróðlegt að bera saman þýðingarnar; önnur er eftir myndvíst og snjallt ljóðskáld, hin eftir vandvirka fræðimenn sem reyna að komast sem næst frumtextanum og endurskapa merkingu hans og stíl.

Útgáfa Umskiptanna í nýrri þýðingu er ekki bara tímabær og gleðileg heldur líka sérlega hagnýt. Frumtextinn er birtur samhliða svo hægt er að njóta bæði frummáls og þýðingar í senn og nýta bókina t.d. til náms í tungumálum og þýðingum eða þýðingafræði. Auk þess eru skýringar birtar neðanmáls. Í formála Gauta Kristmannssonar er þetta kallað „fjölmála útgáfa“ (5) og er óskandi að þessi háttur verði að venju framvegis hjá íslenskum bókaútgefendum. Loks fylgir bókarauki þar sem varpað er fram spurningum, athugunarefnum og túlkunarleiðum auk þess sem talið er upp efni um og eftir Kafka á íslensku.

Þýðendur útskýra á mjög sannfærandi hátt af hverju sagan heitir ekki Hamskiptin eins og flestir lesendur þekkja hana frá fyrri tíð og hvernig „ungeheurer Ungeziefer“ verður að „skelfilegu skordýri“ í nýju þýðingunni (20-23). Hamskiptin eru skáldlegri og hljómfegurri titill en Umskiptin margræðari sem er mjög í anda Kafka. Í eldri þýðingunni er Gregor „bjalla“ en sú dýrategund er bara ekki nægilega ógnvekjandi og viðbjóðsleg. Feðgarnir fræknu, Eysteinn og Ástráður, eiga heiður skilinn fyrir að færa okkur Kafka á frábærri íslensku og fyrir þá alúð og virðingu sem þeir hafa ávallt sýnt skáldinu og verkum þess.

Steinunn Inga Óttarsdóttir